

<b>Dags. fundar:</b> 29. október 2012	<b>Tími:</b> 17.15	<b>Nr. fundar:</b> 27
<b>Fundarboðari:</b> Ákveðið á síðasta fundi	<b>Fundarritari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Staður:</b> Laugardalslaug. Efri hæð

**Efni fundar:**

1. Mótaskráningar.
2. Minna á bringusundssporð
3. Alþjóðlegir dómamarar.
4. ÍM25
5. Fjöldi sundmóta.
6. Önnur mál
  - a. Ósýnileg verðlaunaveiting.
  - b. Dómaranámskeið

**Viðstaddir:** Svahvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsdóttir og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

**Forföll boðuð.** Steinunn R. Einarsdóttir

**Dagskrá:**

1. Félög þurfa að vera ákveðnari þegar kemur að skráningum á mót. Ekki á að vera leyfilegt að sundmenn séu skráðir eftir að mótið hefst og alls ekki á að leyfa að annar sundmaður frá sama félagi fái að synda í stað þess sem skráður er. Einnig þurfa félög að vera harðari á að hafi mót verið auglýst þannig að mótshlutinn sé ekki hugsaður nýjum iðkendum, þrátt fyrir að um opna flokka sé að ræða, að skrá ekki of ung börn þannig að þau geri ítrekað ógilt og ráði ekki við sunnið sem þeim er ætlað. Félögin verða að ræða þessi atriði við þjálfara.
2. Minnt er á að aukafótatak eftir bringusundssnúning (sporður) er óleyfilegur og sundmenn eiga að koma með báðar hendur í bakka samtímis í bringusund. Svo virðist sem einhver slökun sé í gangi hjá snúningsdómurum að dæma ógildingar á þessi atriði.
3. Svahvít Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson og Haraldur Hreggviðsson hafa verið samþykkt sem alþjóðlegir dómamarar á FINA lista nr. 17. Þeir íslensku sunddómarar/ræsar sem eru hæfir og tilbúnir til að starfa sem alþjóðlegir dómamarar/ræsar verða að sinna verkefnum hér heim a.m.k. meðan þeir eru á listanum.
4. ÍM25 er framundan. Sem fyrst verður farið af stað með mönnun ásamt því sem Ólafur og Svahvít telja ástæðu til að allir yfirdómarar hittist á fundi meðan á mótinu stendur m.a. til að samræma vinnu yfirdómara á mótum.
5. Mönnun á sum mótin það sem af er sundárinu hefur ekki verið auðveld enda um að ræða sex helgar í röð þar sem hafa verið sundmót. Veruleg þörf væri á að félögin, sérstaklega Reykjavíkurfélögin sæu sér ekki einhver hag í því að sameina mótin. Um er að ræða mót sem taka einn til þrjá daga.

6. **a.** Á Extra móti SH um síðustu helgi var tekið eftir því að mótið var aldrei stoppað vegna verðlaunaveitingar. Keppendur sóttu sín verðlaun bakvið. Mætti alveg hugsa sér þetta fyrirkomulag á fleiri félagamótum, sérstaklega til eldri krakka sem eru orðin „vön“ en þau yngri hefðu möguleika á að stíga á pall. Myndi þetta fyrirkomulag stytta mótin auk þess sem ekki þyrfi að leita að sundmönnum á bakkanum þegar verðlaunafhending færri fram.
- b.** Enn varð að blása af dómaramámskeið sem átti að halda, og búið var að auglýsa, í tengslum við Extra móti SH. Eins og sunddagatalið liggur er heppilegasta mótið fyrir dómaramenama ekki fyrr en í byrjun mars, vormót Fjölnis, og er stefnt á að halda dómaramámskeið í tengslum við það mót.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Úndirbúningur vegna yfirdómarafunds.	ÓB/SJ	Sem fyrst.
Dómarar á ÍM	GÞ (ásamt SSÍ)	Sem fyrst

**Fundi slitið kl:** 18.25

**Næsti fundur:** 26. nóvember 2012.